

Ár 2024, miðvikudaginn 27. nóvember, var við Dómstól Handknattleikssambands Íslands (HSÍ) upp kveðinn dómur í kærumálinu nr. 1/2024:

## ÍBV Íþróttafélag

gegn

### Knattspyrnufélaginu Haukar

Málið dæmir Grímur Sigurðsson.

Mál þetta var höfðað með kæru dagsettri 18. nóvember 2024 og móttekin hjá skrifstofu HSÍ sama dag. Kærandi er ÍBV Íþróttafélag (hér eftir „ÍBV“). Fékk kæran dómskjalánúmerið 1, auk fylgiskjala sem fengu dómskjalánúmerin 2 (leikskýrsla) og 3 (skýrsla eftirlitsmanns).

Kærði er Knattspyrnufélagið Haukar (hér eftir „Haukar“). Kærði skilaði greinargerð til dómstólsins þann 21. nóvember 2024 og fékk hún skjálnúmerið 4, auk fylgiskjala sem fengu dómskjalánúmerin 5 (endanleg leikskýrsla) og 6 (tímalína tæknifundar).

Þinghald var í málinu föstudaginn 22. nóvember 2024, þar sem ákveðið var að málið skyldi flutt skriflega, sbr. 7. mgr. 33. gr. laga HSÍ.

Þar sem kröfugerð kæranda lýtur að framkvæmd bikarmóts óskaði dómurinn einnig eftir skriflegum athugasemdum HSÍ um kærana, sbr. 6. mgr. 33. gr. laga HSÍ, sem bárust þann 25. nóvember 2024. Fengu athugasemdirnar dómskjalánúmerið 7.

Þriðjudaginn 25. nóvember 2024 skiluðu kærði og kærandi skriflegum athugasemdum á grundvelli 7. mgr. 37. gr. laga HSÍ og fengu þær skjálnúmerið 8 (skriflegar athugasemdir kæranda) og 9 (skriflegar athugasemdir kærða).

Frammi liggja dómskjöl merkt nr. 1-9.

### Kröfugerð

Kærandi gerir þær dómkröfur að Haukar teljist hafa tapað leik gegn ÍBV í Powerade bikarkeppni karla, meistaraflokk, með markatölunni 0-10.

Kærði gerir þær kröfur aðallega að kröfum kæranda verði vísað frá dómi en til vara að kröfum kæranda verði hafnað og úrslit leiks kæranda og kærða verði látin standa óhögguð. Þá krefst kærði málskostnaðar úr hendi kæranda.

Ekki eru gerðar sérstakar dómkröfur um úrslit málsins í athugasemdum HSÍ.

## Málsatvik og röksemdir aðila

Í kærú kemur fram að þann 17. nóvember 2024 hafi farið fram leikur Hauka gegn ÍBV í Powerade bikarkeppni karla, meistaraflokki, sem hófst kl. 16:00. Leikskýrsla hafi legið fyrir 60 mínútum fyrir leik og verið staðfest af báðum liðum með því að slá inn sk. „pin“ númer í tölvukerfið „HBstatz“. Á leikskýrsluna hafi verið skráð nafn leikmanns kærða nr. 10, Helga Marinós Kristóferssonar. Um kl. 15:20 hafi kærði breytt leikskýrslunni og afskráð leikmann nr. 10. Í hans stað hafi kærði sett á leikskýrslu leikmann nr. 84, Andra Fannar Elísson. Liðsstjóri kæranda hafi sett fram fyrirspurn um hvort breytingin væri heimil og eftirlitsdómari sagst ætla að geta þessa í skýrslu sinni um leikinn.

Til stuðnings framangreindri lýsingu á málavöxtum leggur kærandi fram leikskýrslu sem kærandi kveður aðila hafa staðfest með innslætti á „pin“ númeri í framangreint tölvukerfi meira en 60 mínútum áður en leikur kæranda og kærða hófst og á hana er ritað nafn leikmanns nr. 10, Helga Marinós Kristóferssonar, en ekki leikmanns nr. 84, Andra Fannars Elíssonar. Þá leggur kærandi fram skýrslu eftirlitsmanns leiksins, Jóhannesar Runólfssonar, þar sem m.a. segir:

*„Tæknifundur hófst 70 mín fyrir leik og voru bæði lið búin að staðfesta skýrslur í HB ritari 65 mín fyrir leik. Það gekk illa að fá prentara til að virka til að prenta skýrslu út. Þegar það tókst að prenta skýrslu út, þá tekur starfsmaður Hauka eftir því að það er rangur leikmaður á skýrslu og breytir skýrslunni í HB ritari. Eftirlitsmaður tók fram að tími til að breyta skýrslu væri liðinn og það yrði gerð athugasemd við það í skýrslu, starfsmaður ÍBV var upplýstur um það.“*

Kveður kærandi að í 7. gr. reglugerðar HSÍ um handknattleiksmót komi fram að leikskýrsla í meistaraflokki skuli liggja fyrir eigi síðar en 60 mínútum fyrir leik og eftir þann tíma sé óheimilt að gera breytingar á henni. Þar sem leikskýrsla í leik kæranda og kærða hafi legið fyrir 60 mínútum fyrir leik og verið staðfest af báðum aðilum hafi verið óheimilt að breyta leikskýrslunni um kl. 15:20. Þar af leiðandi hafi verið óheimilt af kærða að nota leikmann nr. 84, Andra Fannar Elísson, í leiknum.

Samkvæmt 32. gr. framangreindrar reglugerðar skuli lið, sem notar leikmann sem telst ólöglegur, teljast hafa tapað leiknum með markatölunni 0-10.

Í greinargerð kærða kemur fram að kærði mótmæli málsatvikalýsingu kæranda í öllum meginatriðum. Í aðdraganda leiksins hafi verið haldinn tæknifundur þar sem viðstaddir voru umsjónarmaður leiks, eftirlitsmaður HSÍ og liðsstjórar kæranda og kærða. Allir framangreindir aðilar, að undanskildum eftirlitsmanni HSÍ, hafi mætt til fundarins kl. 14:43 þar sem venja standi til að tæknifundur hefjist 75 mínútum fyrir auglýstan leiktíma. Liðsstjóri kæranda hafi yfirgefið fundarherbergið kl. 14:47 þar sem enn var beðið eftir eftirlitsmanni HSÍ. Þegar eftirlitsmaður mætti á fundinn kl. 14:49 var enn unnið að drögum að leikskýrslu í tölvu á staðnum en liðsstjóri kæranda hafi ekki verið búinn að skila sér til baka fundinn á þessum tímapunkti. Liðsstjóri kærða hafi því hafið leit að liðsstjóra kæranda, sem hafi fundist að lokum og mætt aftur á tæknifundinn kl. 14:57. Í kjölfarið hafi liðsstjóri kæranda slegið inn „pin“ númer í tölvukerfið sem geymi

leikskýrslu. Vegna tölvuvandræða hafi þó ekki tekist að prenta út leikskýrsluna fyrr en kl. 15:04 eftir að umsjónarmaður tölvukerfa hafi mætt á fundinn og leyst úr tæknimálum. Í kjölfarið hafi liðsstjóri kærða gert athugasemd við prentaða leikskýrslu og tjáð fundarmönnum að hún væri ekki í samræmi við leikskýrslu í tölvunni. Á útprentaðri leikskýrslu kærða væri að finna leikmann sem ekki væri skráður í leikskýrslu í tölvu, leikmann nr. 10 Helga Marinó Kristófersson. Hafi liðsstjóri kærða brugðist við með því að rita inn rétt nafn leikmanns í skýrsluna, þ.e. leikmanns nr. 84, Andra Fannars Elissonar, og prenta hana út að nýju. Engar mótbárur né athugasemdir hafi borist við þessari tilhögun. Fundurinn hafi haldið áfram og liðsstjórar beðnir um að yfirfara leikskýrslu, góðri venju samkvæmt. Engar frekari athugasemdir hafi borist frá liðsstjórum sem hafi staðfest seinni leikskýrsluna munnlega við eftirlitsmann HSÍ. Aðilar hafi verið sammála um að seinni skýrslan væri endanleg leikskýrsla fyrir leikinn. Tæknifundinum hafi lokið kl. 15:15 þegar allir viðstaddir fundarmenn gengu af fundi. Eftir að fundi lauk hafi eftirlitsmaður látið kærða vita að hann myndi bóka athugasemd í umsjónarskýrslu vegna tafa á endanlegri staðfestingu leikskýrslu. Leikur Hauka og ÍBV hafi hafist kl. 16:00 og lokið kl. 17:26 með sigri Hauka, 37-29.

Kærði byggir frávisunarkröfur sínar á 2. mgr. 33. gr. laga HSÍ, sbr. 32. gr. sömu laga. Telur kærði að skilyrði 32. gr. laga HSÍ um form og efni kæru séu ekki uppfyllt. Nánar tiltekið uppfylli kæran ekki 1. og 2. tölul. 32. gr. laga HSÍ þar sem hvorki heimilisfang né tölvupóstfang kæranda né kærða sé tilgreint í kæru. Í öðru lagi telji kærði að kærandi hafi í öllu falli fyrirgert rétti sínum til þess að bera fram kæru vegna meints brots þar sem liðsstjóri kæranda hafi ekki mótmælt þeirri tilhögun að leikskýrslan yrði lagfærð vegna augljósrar villu. Þvert á móti hafi liðsstjórinn staðfest lagfærða leikskýrslu án athugasemda. Einnig sé ljóst að eftirlitsmaður HSÍ hafi engar athugasemdir gert við þetta atriði á fundinum. Megintilgangur með veru eftirlitsmanns á tæknifundi sé að ganga úr skugga um að framkvæmd leiks sé í lagi. Þar sem eftirlitsmaðurinn hafi engar athugasemdir gert við fyrrgreindar breytingar hafi aðilar með réttu gert ráð fyrir því að seinni skýrslan hafi verið staðfest með réttum hætti. Hefði athugasemd verið borin upp á þessum tíma og raunverulegur vafi þannig verið um lögmæti leikskýrslunnar væru allar líkur á því að úr þeim vafa hefði verið leyst áður en leikur hófst. Kærði bendir á að liðsstjóra kæranda hefði verið í lófa lagið að mótmæla fyrrgreindri tilhögun á prentun leikskýrslunnar ef hann teldi hana vera í andstöðu við reglur HSÍ. Þar sem það var ekki gert teljist hann hafa fyrirgert rétti sínum til þess að bera fram kæru, sbr. 3. mgr. 30. gr. reglugerðar HSÍ um handknattleiksmót.

Kærði byggir kröfur sínar um höfnun á kröfum kæranda á ákvæði 7. og 30. gr. reglugerðar HSÍ um handknattleiksmót. Þá telur kærði að málatilbúnaður kæranda sé haldinn ýmsum staðreyndavillum. Kærði mótmælir sérstaklega þeirri staðhæfingu kæranda að leikskýrsla hafi legið fyrir 60 mínútum fyrir leik og staðfest af báðum aðilum fyrir það tímamark. Kærði telji ljóst að tæknifundur hafi staðið yfir óslitið til kl. 15:15 og leikskýrslunni ekki breytt eftir það. Þá sé einnig ljóst að leikskýrslan hafi ekki legið fyrir 60 mínútum fyrir leik eins og greinir í kæru, en það sé einnig ítrekað í athugasemd eftirlitsmanns HSÍ í umsjónarskýrslu. Það sé viðtekin venja að leikskýrsla sé yfirfarin af báðum aðilum eftir að hún sé prentuð út, enda sé það mikilvægt til þess að koma í veg fyrir misræmi eða augljósar innsláttarvillur. Slíkt sé ávallt gert, bæði í deildarkeppnum héraendis en einnig í alþjóðlegum keppnum, t.d. í Evrópu. Í þessu tilfelli hafi

uppgötvast augljóst misræmi í leikskýrslu eftir fyrstu prentun og hafi skýrslan því verið leiðrétt í kjölfarið og staðfest í annað sinn. Leikmanni nr. 84, Andra Fannari Elíssyni, hafi verið bætt við seinni leikskýrsluna sem hafi verið staðfest sem lokaleikskýrsla. Ljóst sé að enginn tilgangur væri með því að yfirfara leikskýrslur eftir útprentun ef aðilum gæfist ekki tækifæri á að gera minniháttar leiðréttingar á meðan á tæknifundi stendur vegna mistaka sem upp koma við yfirferðina. Þá byggir kærði á því að leikskýrslur séu fylltar út sjálfvirkt af tölvukerfinu „HB statz“ og komi liðsstjórnir því sjálfir ekki að gerð hennar fyrr en hún er prentuð út. Þá fyrst hafi þeir tækifæri til þess að yfirfara hana. Kærði áréttar að hann mótmæli því ekki sérstaklega að leikskýrsla hafi legið fyrir of seint. Hann telji þó að liðsstjóri kærða verði ekki látinn bera ábyrgð á þeim tölum, enda hafi eftirlitsmaður mætt seint á fundinn ásamt því að liðsstjóri kæranda hafi ákveðið að fara af fundinum áður en leikskýrsla hafi verið kláruð. Með þeim gjörningi sínum hafi liðsstjóri kæranda komið í veg fyrir að leikskýrslan gæti legið fyrir 60 mínútum fyrir leik. Þá hafi tæknileg vandræði við útprentun á skýrslu orðið til þess að hún var ekki prentuð fyrr en kl. 15:04, með fyrrgreindum afleiðingum. Í ljósi þess að fyrri skýrsla var prentuð út of seint, vegna atvika sem ekki verða rakin til kærða, hefðu hvers konar breytingar á skýrslunni eftir það tímamark ekki getað átt sér stað, samkvæmt strangri bókstafstúlkun á ákvæði 7. gr. reglugerðar HSÍ um handknattleiksmót. Slík túlkun geti ekki staðist, enda væri þá enginn tilgangur með því að yfirfara skýrsluna eftir útprentun. Þá vekur kærði athygli á því að eftirlitsmaður HSÍ geri ávallt þá kröfu á tæknifundum að liðsstjórar yfirfari útprentaða leikskýrslu og staðfesti hana svo munnlega eftir útprentun. Kærandi hafi hvorki lagt fram gögn sem staðfesta að fyrrgreindir atburðir hafi farið fram á þeim tíma sem hann tilgreinir í kæru, né leitt líkur að því að þær tímasetningar séu réttar. Því beri að hafna kröfu kæranda í heild sinni og láta úrslit leiksins standa óbreytt.

Í greinargerð HSÍ segi að HSÍ taki ekki efnislega afstöðu til kæruefnis en telur rétt að koma á framfæri að í reglugerðum um handknattleiksmót hvar sem er í heiminum sé kveðið á um að halda skuli svokallaða tæknifundi til að fara yfir framkvæmd leiks. Á þeim fundum beri að leysa úr álitaeftum ef einhver eru og leggja fram leikskýrslur sem eru yfirfarnar og staðfestar. Í reglugerð Evrópusambandsins sé ekki kveðið á um sérstaka tímaramma en gert sé ráð fyrir að slíkur fundur eins og t.d. í Evrópumótum sé ekki haldinn síðar en kl. 12 á hádegi á leikdegi. Í lokakeppnum landsliða séu slíkir fundir yfirleitt haldnir kl. 10 á leikdegi.

Í reglugerðum sé skýrt að eftir tæknifund megi ekki gera breytingar á leikskýrslum. Síðastliðið haust hafi reglum hér á landi verið breytt í þá veru að tilgreint var að halda bæri tæknifund og leikskýrslur skyldu vera tilbúnaðar einni klukkustund fyrir leik. Þetta hafi verið gert til að skerpa á umgjörð leikja og koma á meiri festu við framkvæmd, en nokkur losarabragur hafi verið á þessum fundum og hvenær leikskýrslur lægju fyrir.

Í framkvæmd sé leikskýrsla fyllt út í forritinu „HB ritari“ og mæti félögin með útprentaða leikskýrslu til tæknifundar. Farið sé yfir leikskýrslur og þær staðfestar með svokölluðu „pin“ númeri í forritinu „HB ritari“. Ágreiningur málsins virðist lúta að því frá hvaða tímamarki óheimilt sé að breyta leikskýrslu; innan við 60 mínútur fyrir leik, strax eftir staðfestingu í „HB ritari“ eða eftir fund.

## Niðurstaða

### I.

Ágreiningur aðila lýtur að túlkun á 7. og 33. gr. reglugerðar HSÍ um handknattleiksmót.

Samkvæmt 27. gr. laga HSÍ skulu dómstólar HSÍ hafa fullnaðarlögsögu yfir þeim málefnum sem koma upp innan vébanda HSÍ og varða lög og reglur HSÍ eftir því sem við á, en á þessum lögum og reglum skulu dómstólar HSÍ byggja niðurstöður sínar. Samkvæmt 40. gr. laganna heyra öll brot á lögum og reglum HSÍ undir lögsögu dómstóla HSÍ.

Samkvæmt 3. mgr. 30. gr. reglugerðar HSÍ um handknattleiksmót hefur félag, sem hefur hagsmuni af meintu broti á ákvæðum reglugerðarinnar, rétt til að leggja fram kæru til Dómstóls HSÍ. Kæra skal lögð fram á skrifstofu HSÍ innan tilskilins frests eins og kveðið er á um í lögum HSÍ. Um málatilbúning fer samkvæmt lögum HSÍ. Dómstóll HSÍ skal beita viðurlögum samkvæmt V. kafla reglugerðarinnar, komist hann að þeirri niðurstöðu að brotið hafi verið gegn ákvæðum hennar. Jafnframt getur Dómstóll HSÍ beitt viðurlögum samkvæmt viðurlagakafla laga HSÍ.

Samkvæmt framansögðu hefur Dómstóll HSÍ lögsögu í málinu og getur beitt viðurlögum samkvæmt ákvæðum V. kafla reglugerðar HSÍ um handknattleiksmót og samkvæmt viðurlagakafla laga HSÍ.

### II.

Kærði krefst frávísunar málsins; í fyrsta lagi þar sem skilyrði 32. gr. laga HSÍ um form og efni kæru séu ekki uppfyllt; í öðru lagi þar sem kærandi mótmælti ekki fyrirkomulagi við gerð leikskýrslu umrætt sinn, sbr. 3. mgr. 30. gr. reglugerðar HSÍ um handknattleiksmót.

Í kæru er getið nafns, heimilisfangs, símanúmers og tölvupóstfangs kæranda. Nafngreining á kærða er rétt í kæru, þar sem getið er nafns og kennitölu, en ekki er getið heimilisfangs, símanúmers eða tölvupóstfangs kærða, eins og ber að gera skv. 2. tölul. 32. gr. laga HSÍ.

Nafngreining málsaðila er af augljósum ástæðum mikilvægasta atriðið sem upp er talið í 1. og 2. tölul. 1. mgr. 32. gr. laga HSÍ. Sé það réttilega gert skiptir brestur á öðru því, sem þarf að koma fram um aðilana í kæru, ekki sköpum um afdrif málsins. Tilgangurinn með kröfum 32. gr. laga HSÍ er einkum að tryggja að ekki fari á milli mála hverjir málsaðilar eru. Ef slíkt er á annað borð tryggt getur vöntun eða rangfærsla á öðrum þessara atriða ekki skipt öllu máli, þó skoða verði hvert tilvik sérstaklega. Í því tilviki sem hér er til úrlausnar verður ekki talið að málið sé ótækt til meðferðar fyrir dómstólum HSÍ vegna framangreindra annmarka á kæru, sem er skilyrði frávísunar skv. 33. gr. laga HSÍ. Að mati dómsins leiðir þetta atriði því ekki til frávísunar málsins.

Í 3. mgr. 30. gr. reglugerðar HSÍ um handknattleiksmót segir að öll mótmæli varðandi undirbúning kappleiks, keppnisvöll, dómara, eftirlitsmann, stærð knattar eða annað viðvíkjandi framkvæmd leiksins, skuli borin fram við dómara og/eða eftirlitsmann HSÍ fyrir leikinn af forráðamanni eða fyrirliða, ella hafi leikaðilar fyrirgert rétti sínum til að kæra ástandsbrott.

Í málinu liggur fyrir skýrsla eftirlitsmanns í leik kæranda og kærða. Í henni kemur fram að eftirlitsmaður hafi gert athugasemd við breytingu kærða á leikskýrslu eftir að tími til þess væri liðinn. Jafnframt er tekið fram að starfsmaður kæranda hafi verið upplýstur um þetta atriði. Að mati dómsins er því ljóst að þau atvik sem sakarefni málsins lýtur að voru komin til vitundar eftirlitsmanns fyrir leik og jafnframt að eftirlitsmaður og forráðamenn kæranda og kærða hafi fjallað um þetta tiltekna atriði fyrir leikinn.

Aðilum ber ekki saman um hvort kærandi hafi mótmælt með formlegum hætti breytingu kærða á leikskýrslunni. Í kæru kemur fram að forráðamaður kærandi hafi spurt á tæknifundi „hvort þetta megi og eftirlitsdómari segist ætla að geta þessa í skýrslu sinni.“ Í viðbótargreinargerð kæranda er staðhæft að forráðamaður kæranda hafi mótmælt breytingunni.

Í greinargerð kærða segir hins vegar að forráðamaður kæranda hafi ekki mótmælt tilhöguninni heldur hafi þvert á móti staðfest lagfærða skýrslu. Þá segir í greinargerð kærða að eftirlitsmaður HSÍ „gerði engar athugasemdir um þetta atriði á fundinum“ og aðilar hafi því „með réttu gert ráð fyrir því að seinni skýrslan hafi verið staðfest með réttum hætti. Hefði athugasemd verið borin upp á þessum tíma og raunverulegur vafi þannig verið um lögmæti leikskýrslunnar eru allar líkur á því að úr þeim vafa hefði verið leyst áður en leikur hófst“.

Með stoð í áður nefndri skýrslu eftirlitsmanns leiksins verður ekki fallist á þessa frásögn kærða. Í skýrslunni er þvert á móti staðfest að athugasemd hafi verið gerð við breytinguna, að tími til að breyta skýrslu væri liðinn og að starfsmaður kæranda hefði verið upplýstur um það. Verður því að telja að fram hafi komið á tæknifundinum nægjanlegar upplýsingar fyrir kærða til að draga réttmæti breytinganna í efa. Kærði hafi þrátt fyrir það ákveðið að byggja liðsval sitt á hinni breyttu leikskýrslu. Verður við þessar aðstæður að telja að sönnunarbyrði fyrir því, að kærandi hafi ekki mótmælt breytingunni, hvíli á kærða. Gegn andmælum kæranda, sem kveðst hafa sett fram spurningu um lögmæti breytingarinnar á tæknifundi og mótmælt breytingunni, verður að telja fullyrðingu kærða ósannaða. Við úrlausn málsins verður því gengið út frá því að kærandi hafi ekki samþykkt breytingu kærða á leikskýrslu og að fullnægt sé skilyrðum framangreindrar 3. mgr. 30. gr. reglugerðar HSÍ um að mótmæli varðandi undirbúning kappleiks hafi komið fram fyrir leikinn. Er þá ekki þörf á því að taka til skoðunar hvort brott á ákvæðum 32. gr. reglugerðarinnar, um ólöglega skipað lið, teljist „ástandsbrott“ sem 3. mgr. 30. gr. reglugerðarinnar fjallar eingöngu um. Verður málinu því ekki vísað frá af þessum sökum.

### III.

Að mati dómsins eru málsatvik óumdeild, að öðru leyti en lýtur að framangreindu atriði um hvort hin breytta leikskýrsla hafi verið samþykkt af kæranda. Við úrlausn málsins verður eins og áður segir talið ósannað að breyting kærða á leikskýrslu hafi verið samþykkt af kæranda.

Að öðru leyti horfa atvik málsins þannig við að tæknifundur eftirlitsmanns HSÍ og fulltrúa kærða og kæranda hófst kl. 14:43 á leikdegi, 77 mínútum fyrir leik aðila. Af ýmsum ástæðum hafi fundurinn tafist nokkuð, en um kl. 14:57 hafi báðir aðilar staðfest leikskýrslu, sem þá var á tölvutæku formi, með því að slá inn „pin“ númer hvors aðila fyrir sig í tölvukerfið „HBstatz“ (einnig nefnt „HB ritari“). Í kjölfarið hafi verið leitast við að prenta út leikskýrsluna sem einnig hafi tafist vegna tækniörðugleika. Þegar ráðin hafði verið bót á þeim uppgötvaði kærði að á skýrslunni væri leikmaður sem hann hugðist ekki tefla fram í leiknum, en aftur á móti væri ekki getið leikmanns sem hann hugðist tefla fram. Breytti kærði því leikskýrslunni í tölvukerfinu og staðfesti þá breytingu með því að slá inn „pin“ númer sitt öðru sinni. Þegar sú breyting var gerð voru minna en 60 mínútur til leiks. Tæknifundi hafi svo lokið í kjölfarið, um kl. 15:15.

Óumdeilt er að sú breyting á leikskýrslu sem kærandi reisir kæru sína á var gerð þegar minna en 60 mínútur voru til leiks.

Í 1. másl. 8. mgr. 7. gr. reglugerðar HSÍ um handknattleiksmót eru fyrir mæli um skipan liðs. Þar segir:

*„Leikskýrsla í meistaraflokki skal liggja fyrir eigi síðar en 60 mínútum fyrir leik og eftir þann tíma er óheimilt að gera breytingar á henni.“*

Reglan er nánar útfærð í handbók leikja sem útgefin er af mótanefnd HSÍ. Í kafla um tæknifundi og leikskýrslu segir:

*„Eftirlitsmaður/dómarar, ábyrgðarmaður og fulltrúar beggja liða skulu hittast í síðasta lagi 75 mínútum fyrir leik þar sem er farið er yfir lit búninga (leikmanna, dómara og starfsmanna liða), innngöngu liða, tímasetningar, leikskýrslu, öryggismál o.fl.“*

Þá segir í ákvæðinu:

*„Á þeim fundi skal leikskýrsla vera tilbúin til yfirferðar í HB ritara. Ekki er heimilt að bæta við leikmönnum eða breyta leikskýrslu á nokkurn hátt minna en 60 mínútum fyrir leik og geta breytingar eftir það leitt til kæru á framkvæmd leiksins, sjá nánar í reglugerð HSÍ um handknattleiksmót.“*

Í greinargerð HSÍ til dómstólsins segir að reglum hafi nýlega verið breytt hér á landi í þessa veru, til að skerpa á því að halda bæri tæknifund og leikskýrslur væru tilbúnar einni klukkustund fyrir leik. Tilgangur reglnanna væri að koma á festu við framkvæmd leikja, en nokkur losarabragur hafi verið á því hvenær tæknifundir væru haldnir og leikskýrslur lögju fyrir.

Orðalag 1. másl. 8. mgr. 7. gr. reglugerðar HSÍ er ótvírætt að mati dómsins. Leikskýrsla skal liggja fyrir eigi síðar en 60 mínútum fyrir leik og eftir þann tíma er óheimilt að gera á henni breytingar. Ekki er tilefni til að leggja aðra merkingu í orðalagið en leiðir beint af ákvæðinu, enda er túlkun samkvæmt orðanna hljóðan í samræmi við tilgang reglnanna, sem er að koma á festu í framkvæmd leikja varðandi það hvenær leikskýrslur liggja fyrir.

Kærði hefur borið því við að leikskýrslur séu fylltar út sjálfvirkt af tölvukerfinu „HB statz“ og komi liðsstjórnarnir því ekki að gerð hennar fyrr en hún er prentuð út. Þá sé í gildi venja þess efnis að leikskýrsla teljist ekki endanleg fyrr en hún hafi verið yfirfarin af báðum aðilum eftir að hún er prentuð út.

Að mati dómsins hefur ekki verið sýnt fram á að tæknileg nauðsyn sé fyrir því að leikskýrslur séu prentaðar út til að unnt sé að fara yfir efni þeirra og gera á þeim breytingar. Verður raunar ráðið af málavöxtum að breytingar á leikskýrslu séu gerðar í tölvukerfinu „HB ritari“ en ekki á útprentuðum leikskýrslum. Fær það stoð í greinargerð HSÍ í málinu, þar sem segir að í framkvæmd mæti félögin með útprentaðar skýrslur á tæknifund, leikskýrslan sé þessu næst fyllt út í forritinu HB ritari og hún svo staðfest með því að slegið er inn „pin“ númer félagsins í tölvukerfið.

Kærði hefur að sama skapi ekki sýnt fram á að í gildi sé venja þess efnis að farið sé yfir leikskýrslu útprentaða áður en hún er staðfest, en um það atriði ber kærði sönnunarbyrði. Jafnvel þó slík venja væri til staðar, eða útprentun leikskýrslu væri nauðsynlegur þáttur í yfirferð og staðfestingu leikskýrslu, breytir það ekki fortakslausu ákvæði áðurnefndrar 8. mgr. 7. gr. reglugerðar HSÍ um að leikskýrsla skuli liggja fyrir 60 mínútum fyrir leik og eftir það sé óheimilt að gera á henni breytingar.

Kærði hefur jafnframt borið því við að eftirlitsmaður hafi mætt seint á tæknifund, auk þess sem liðsstjóri kæranda hafi yfirgefið fundinn um tíma. Ekki verður séð að lög, reglugerðir eða handbækur HSÍ geymi leiðbeiningar um afleiðingar þess ef óviðráðanlegar aðstæður koma í veg fyrir að tæknifundur verði haldinn með þeim hætti sem lýst er í 7. gr. reglugerðar HSÍ um handknattleiksmót. Þar af leiðandi er ekki loku fyrir það skotið bregðast þurfi við með sérstökum hætti ef aðstandendum leikja er af einhverjum ástæðum ókleift að uppfylla ákvæði reglugerðarinnar um form og efni tæknifundar. Slíkar aðstæður verða þó ekki taldar vera uppi í þessu máli. Óumdeilt er að kl. 14:57 í síðasta lagi hafi bæði kærandi og kærði verið í aðstöðu til að staðfesta leikskýrslur í forritinu „HB ritari“, enda slógu þá forráðamenn beggja aðila inn „pin“ númer sín í forritið. Báðum aðilum var því kleift að gera breytingar á leikskýrslu meira en 60 mínútum fyrir leik og máttu báðir aðilar vita að eftir það tímamark var óheimilt að gera á þeim breytingar.

Þar sem óumdeilt er að kærði gerði breytingar á leikskýrslu sinni þegar minna en 60 mínútur voru til leiks verður að telja að þær breytingar hafi verið óheimilar. Þar af leiðandi hafi kærða verið óheimilt að nota leikmann nr. 84, Andra Fannar Róbertsson, í leiknum. Óumdeilt er að leikmaðurinn tók þátt í leiknum.

Í 1. mgr. 32. gr. reglugerðar HSÍ um handknattleiksmót segir:

*„Félag sem notar leikmann/starfsmann í leikbanni eða leikmann/starfsmann sem er að öðru leyti ólöglegur og viðkomandi er á leikskýrslu eftir upphafsmerki dómara í viðkomandi leik, eða er ekki á leikskýrslu og kemur inná leikvöllinn eftir upphafsmerki dómara í viðkomandi leik, og slíkt er tilkynnt inn til mótanefndar með formlegum hætti innan 48 tíma frá lokum leiks, telst hafa tapað*



*leiknum með markatölunni 0-10 þar sem leiktími er 2\*30 mín. nema tap hafi verið stærra, þá skal sú markatala ráða. Þar sem leiktími er styttri skal notast við 0-5.“*

Eins og áður segir telst kærði hafa notað leikmann sem ekki var á löglegri leikskýrslu, sem auk þess kom inn á leikvöll eftir upphafsmerki dómara. Samkvæmt skýru orðalagi ákvæðisins telst kærði því hafa tapað leiknum með markatölunni 0-10.

Með hliðsjón af framansögðu er fallist á kröfur kæranda í málinu. Af því leiðir að kröfum kærða, þ.m.t. um málskostnað, er hafnað.

### **Dómsorð**

Kærði, Knattspyrnufélagið Haukar ehf., telst hafa tapað leik við kæranda, ÍBV Íþróttafélag, sem fram fór í Powerade bikarkeppni karla, meistaraflokki, þann 17. nóvember 2024, með markatölunni 0-10.

Grímur Sigurðsson

# Undirritunarsíða

Grímur Sigurðsson